# Mannauðsstefna

# Mannauðsstefna

***Uppfært**: 12. júní 2026*

---

Markmiðið er að Bera sé eftirsóttur vinnustaður í huga fólks, við viljum draga að og halda hæfasta starfsfólkinu með hvetjandi fyrirtækjamenningu án fordóma og með áherslu á jafna möguleika. Við trúum því að blandaður hópur kemst að bestu niðurstöðu.

Lykillinn að því markmiði felst í mannauði fyrirtækisins, þar sem jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni eru höfð að leiðarljósi.

Mannauðsstefnan miðar að því að allar ákvarðanir sem teknar eru, og snúa að sambandi Beru og starfsfólks þess, skapi forsendur til að markmið fyrirtækisins verði að veruleika.

Markmið mannauðsstefnunnar er að stuðla að starfsánægju starfsfólks og að Bera hafi yfir að ráða hæfu, vel menntuðu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi án fordóma.

Gott og ánægt starfsfólk er grunnurinn að vel reknu fyrirtæki. Starfsfólk Beru eru því ein af helstu auðlindum fyrirtækisins og mannauðsstefnan felur í sér að vera stefnumarkandi og styðjandi við gildi Beru og stuðla þannig að samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Við leggjum áherslu á að starfsfólk Beru lifi gildi fyrirtækisins og að skapa grundvöll til að svo megi verða. Það gerum við með öflugri mannauðsdeild sem stuðlar m.a. að:

- Stuðla að jafnri stöðu alls starfsfólks og jöfnum tækifærum óháð kyni, aldri og uppruna
- Faglegum vinnubrögðum við ráðningar og móttöku nýliða
- Því að leggja áherslu á fræðslu og starfsþróun
- Því að huga að öryggi, heilsu og aðbúnaði starfsmanna
- Öflugu upplýsingaflæði
- Stöðugum umbótum og framsækni
- Faglegri ráðgjöf og stuðningi við stjórnendur
- Því að framkvæma reglulega kannanir, greiningar og mælingar
- Faglegri frammistöðustjórnun

Á þennan hátt sköpum við skemmtilegan, hvetjandi vinnustað og sterka liðsheild sem nær markmiðum Beru sem eru til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar, samfélagið, starfsfólk og hluthafa.